

Sþ. 759. Tillaga til þingsályktunar

um styttna starfstíma Alþingis.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að stilla svo til með undirbúning þingmála fyrir reglulegt Alþingi 1947 og um vinnubrögð á því þingi, að fjárlögum og annarri nauðsynlegri lagasetningu verði lokið fyrir 20. des. það ár, enda hafi þingið ekki setið nema 10 vikur.

Greinargerð.

Alþingi hefur nú setið átta mánuði og mun væntanlega þurfa enn einn mánuð til að ljúka störfum. Þarf ekki miklu við að bæta, frá því sem nú er, til að þingið verði að starfi allt árið, að fráskildum hæfilegum orlofstíma mitt um sláttinn. Árið sem leið var þingfararkaup þeirra þingmanna, sem búsettir eru í Reykjavík, 13 þús. kr. og allur annar tilkostnaður eftir því. Útgjöld ríkisins við störf Alþingis eru nú þegar orðin allt of mikil fyrir þjóð, sem er ekki nema 130 þús. Þó er hitt öllu verra, að hin langa þingseta hlýtur meir og meir að útiloka borgara landsins frá þingstörfum, nema þeir vilji gerast atvinnuþingmenn eða lifa á snöpum í námunda við þingstörfin, en hvorugt mun bæta stjórnarfar landsins. Reynslan hefur margsannað, að löng þingvinna tryggir ekki trausta löggjöf og að hin stærstu mál eru að öllum jafnaði afgreidd úr þinginu á mjög stuttum tíma. Fjárlög yfirstandandi árs voru að visu 8 mánuði í smíðum, en þegar leið að lokasamþykkt, kom í ljós, að á síðustu stundu varð af öryggisástæðum að klípa 15% af öllum framlögum ríkissjóðs til verklegra framkvæmda, en meginvinnan við undirbúning fjárlaganna var einmitt við ákvörðun þessara útgjalda. Málið var þó ekki komið í höfn með þessum aðgerðum, heldur varð til frekara öryggis að gefa ríkisstjórninni almenna heimild til að greiða aðeins þær fjárkröfur, sem ekki yfirstíga fjármálagetu ríkissjóðs. Eftir 8 mánaða strit við fjárlögin kemur í ljós, að þingið verður að fela ríkisstjórninni að stýra landinu af skynsamlegu viti, eins og engin fjárlög væru til. Á hinn bóginn voru langsamlega stærstu ákvarðanir þingsins í vetur teknar með stuttum fyrirvara. Ábyrgð á söluverði sjávarafllans var samþykkt á einum sólarhring. Var þar þó um að ræða fjárhæð, þar sem tapmöguleikarnir nema tugum milljóna. Nokkru síðar lagði Alþingi á borgarana skatta, ca. 40 milljónir króna, og var meðferð þess máls lokið á þrem dögum. Úr því að þingið hefur þann sið að ljúka hinum mestu málum á mjög stuttum tíma, er sýnilega óþarft að eyða mánuðum og jafnvel missirum til að ræða og samþykkja smámál.

Telja má fullvist, að lagasmíði Alþingis hafi verið jafngott og nú, meðan árlegur starfstími þess var ekki nema 8--10 vikur. Núverandi skipulag er mjög dýrt fyrir ríkið, neyðir ríkisstjórnina til verkleysis, útilokar að mestu, að athafnamenn úr dreifbýlinu vilji taka þátt í löggjafarstarfinu og freistar manna til að gerast atvinnuþingmenn, en það er talið óæskilegt í lýðræðislöndum. Hniga öll rök að því, að þjóðinni verði happadryggt að halda við forna venju: Hafa þingin stutt en starfsöm og sækjast eftir, að þingmenn séu framkvæmdaforkólfar, búsettir víða um land, með þingstörfin sem áhugaverk fremur en atvinnuleit.